

relaxation.is



# RELAXATION CENTRE

## NUDD OG SNYRTING



X  
petria



### Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

32. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 14. nóvember 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: [WWW.KGP.IS](http://WWW.KGP.IS)

**KOMINNTÍMIA SKOÐUN?**

Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**

Lyfjaval HEILSA & HÁMINGJA

Bílaapótek Lyfjavals Hæðasmára

**FASTEIGNASALAN TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

**Darri Örn**  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000

Bæjarlind 14-16  
[www.errea.is](http://www.errea.is)

**MEKÓ**

**MENNING Í KÓPAVOGI**

## 20.000 gestir í október

### Aldrei fleiri sótt Bókasafn Kópavogs



Bókasafn Kópavogs sló aðsóknarmet í október þegar samtals yfir 20.000 gestir komu í bæði útibú þess, aðalsafn og Lindasafn þann mánuð. Aldrei hafa fleiri gestir sótt safnið í einum mánuði frá opnun árið 1953.

„Það er sérstaklega gaman að sjá svona tölur þar sem ráðist var í miklar breytingar á barnadeild aðalsafns í byrjun þessa árs og ný og endurbætt deild opnuð á jarðhæð ásamt Náttúrufræðistofu Kópavogs og alltaf óvissa með viðtökur á svona breytingum,“ segir Lís Z. Valdimarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Kópavogs.

Viðburðahald í báðum útibúum hefur verið fjölbreytt og vel sótt undanfarið og margir vikulegir og mánaðarlegir viðburðir hafa skipað sér fastan sess hjá gestum. Á dögunum hlaut safnið Nordplus styrk fyrir verkefnum tengdum fjölmenningu og hefur áherslan í viðburðahaldi verið fjölbreyttari en áður og reynt hefur verið að koma til móts við þarfir allra. „Það er líklegast og vonandi að skila sér í fleiri gestum á safnið og er það mjög ánægjulegt,“ segir Lís og bætir við að lokum að mikilvægt sé að allir bæjarbúar upplifi sig velkomna á safnið burtséð frá kyni, þjóðerni, stétt eða stöðu. „Hér eru öll velkomin,“ segir hún.

**LÆGSTA**  
VERÐIÐ  
Í KÓPAVOGI  
ER Á **DALVEGI**

**HAFÍÐ**  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -  
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

## Nettó Engihjalla

### Opið alla daga 8-24



# nettó

# 30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



# LIND

FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Góður rekstur leggur grunn að lægri sköttum

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn í dag sl. þriðjudag.

## Ábyrgur rekstur og lág skuldahlutföll

„Rekstur Kópavogsbæjar felur í sér ábyrgan rekstur þar sem skuldahlutföll eru lág, fjárfest er í innviðum fyrir framtíð bæjarins og þjónusta við bæjarbúa er sett í forgang. Áfram er áhersla lögð á að lækka fasteignaskatta á heimilin en þeir eru meðal þeirra lægstu á landsvísi í Kópavogi. Fjármagn verður forgangsraðað í grunnþjónustu og viðbótarfjármagn veitt í velferðar- og menntamál. Sterkur rekstur skapar rými til áframhaldandi uppbyggingar í bæjarfélaginu. Nýr Kársnesskóli mun rísa á árinu, leikskólar verða byggðir til að mæta væntri fjölgun og sambýli rísa. Þá eru áform um frekari uppbyggingu íprótamannvirkja. Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og staðið vörð um ábyrgan rekstur. Á árinu verða markviss skref stigin við innleiðingu á gervigreind sem mun skila sér í aukinni skilvirkni, bættri ákvörðunartöku og þjónustu við bæjarbúa.“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

## Lykilatriði

- Gert er ráð fyrir 159 milljón króna jákvæðri niðurstöðu A- og B-hluta
- Ekki er gert ráð fyrir sölu byggingarréttar í áætlun bæjarins en áfram verður úthlutað í Vatnsendahvarfi og öðrum hverfum bæjarins.
- Veltufé frá rekstri er 5 milljarða króna
- Fasteignaskattar lækka áfram og verða með þeim lægstu á landsvísi
- Skuldaviðmið verður 92,2%
- Forgangsraðað er í þágu grunnþjónustu í mennta- og velferðarmálum
- Kársnesskóli Skólagerði tekinn í notkun haustið 2025
- Leikskólar byggðir samfara fjölgun íbúa
- Nýtt sambýli í Kleifakór tekið í notkun
- Nýtt hjúkrunarheimili Boðþingi tekið í notkun

## Jákvæður rekstur

Gert er ráð fyrir að rekstrarmíðustaða samstæðunnar verði jákvæð sem nemur 159 milljónum og að niðurstöðu A-hluta verði jákvæð um 213 milljónir. Mikilvægt er að vekja athygli á því að í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar er ekki gert ráð fyrir sölu byggingarréttar, þó áform erum um að lóðum verði úthlutað í Vatnsendahvarfi og öðrum svæði á næsta ári með tilheyrandi tekjum. Veltufé frá rekstri er áætlað

5 milljarðar króna á samstæðu bæjarins sem endurspeglar það svigrúm sem reksturinn er að gefa til að standa undir framkvæmdum og afborgunum lána. Skuldir eru hóflegar þrátt fyrir miklar framkvæmdir og skuldaviðmið 92,2% samkvæmt áætlun, sem er langt undir lögbundnu viðmiði.

Fjárhagsáætlun sýnir að fjárhagur bæjarins er mjög traustur. Áfram verður áhersla á að skapa rými til þess að forgangsraða í þágu grunnþjónustu í mennta- og velferðarmálum. Íbúar Kópavogs verða 41.400 í árslok árinu 2025 og fjölgar um 2%.

## Fasteignaskattar lækka áfram

Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólgan lækki og verði um 4% á árinu. Efnahagsumhverfi hefur verið krefjandi undanfarin ár en horfur eru betri á næsta ári.

Tólfta árið í röð lækka fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði og þá lækka einnig fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði. Fasteignaskattar á heimili eru með þeim lægstu á landsvísi og fasteignagjöld hafa ekki hækkað að raunvirði undanfarin ár. Útsvarsprósentan helst óbreytt.

Sem fyrr er eldri borgurum og örorkulífeyrisþegum veittur afsláttur af fasteignasköttum í hlutfalli við tekjur.

Gjaldskrár taka mið af uppreiknaðri vísitölu samkvæmt vísitölum Hagstofu Íslands í hlutfalli við vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Þær eru endurskoðaðar að jafnaði tvisvar til fjórum sinnum á ári en þetta fyrirkomulag var tekið upp árið 2023.

## Velferð og menntun í barnvænu sveitarfélagi

Á árinu 2025 verður rík áhersla á málefni leik- og grunnskóla og á að halda úti góðri velferðarþjónustu. Kópavogur er barnvænt sveitarfélag og verkefni sveitarfélagsins taka mið af því.

Lögð verður áhersla á að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum



Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri

farvegi og að barnið sé hjartað í kerfinu með áframhaldandi þátttöku í innleiðingu farsældarlega.

Aukið framlag verður sett í kennslu íslensku til barna af erlendum uppruna. Þá verður sett aukið fé til að efla bókasöfn skólanna.

Breytingar á starfsumhverfi leikskóla sem tóku gildi 2023 hafa heppnast vel. Skapast hefur fjárhagslegt svigrúm með breytingunum til þess að styrkja starfsemi leikskólanna enn frekar árið 2025.

Boðið verður upp á helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks með það að markmiði að draga úr einmanaleika og einangrun.

## Fjárfest í framtíð bæjarins

Umfangsmiklar framkvæmdir á vegum bæjarins eru áætlaðar á næsta ári fyrir um sex og hálfan milljarða króna og áfram tryggt að innviðir mæti þörfum bæjarbúa og viðhaldi eigna sé vel sinnt.

Stærstu framkvæmdir eru bygging nýs skóla á Kársnesi sem lýkur á næsta ári. Þá hefst framkvæmdir við nýjan leikskóla við Skólatröð. Hafinn verður undirbúningur á nýjum leikskóla við Naustavör og leik- og grunnskóla í nýju hverfi við

Vatnsendahvarf. Þá verða skóla og leikskólalóðir endurnýjaðar samkvæmt áætlun.

## Nýtt búsetuúrræði í Kleifakór

Lokið verður við nýtt búsetuúrræði í Kleifakór. Stækkun hjúkrunarheimilis í Boðþingi heldur áfram og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki 2025. Kópavogsbær greiðir 15% kostnaðar í hjúkrunarheimili.

## Aðalvöllur HK og ný stúka

Þá hefst framkvæmdir við aðalvöll HK og nýja stúku en 800 milljónir verða settar í verkið á næsta ári.

Áfram verður fjármagn sett í aukið viðhald á stofnunum bæjarins. Þá er gatnagerð í nýju hverfi í Vatnsendahvarfi hafin og verður haldið áfram 2025. Alls verður um 2,4 milljörðum króna verður varið í gatnagerð, veitur og skipulagsmál.

## Skilvirkari stjórnsýsla

Á næsta ári ætla Kópavogsbær að stíga markviss skref í innleiðingu á gervigreind með það að markmiði að auka skilvirkni í stjórnsýslunni, bæta ákvörðunartöku og þjónustu við bæjarbúa.

Áfram er áhersla á menningarmál í Kópavogi. Meðal þess sem fjárfest verður í á næsta ári er nýr flygill fyrir Salinn. Ný Menningarmiðja var opnuð í maí 2024 á Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu og hefur aðsókn á safnið rúmlega fimmfaldað frá þeim tíma. Áfram verður unnið að frekari þróun á safninu. Þá verður hugað að hönnun á nýju bókasafni í efri byggðum Kópavogs.

Útsvæðið við menningarhúsin verður bætt með gróðursetningu og leiktækjum auk þess sem mannlíf á Hálsatorgi og í Menningarmiðjunni verður eflað með fjölbreyttum viðburðum allt árið um kring.

Með fjárhagsáætlun 2025 er einnig lögð fram þriggja ára áætlun árána 2026, 2027 og 2028 til fyrri umræðu.





## Blóðsykursmælingar og basar á föstudaginn

Föstudaginn 15. nóvember kl. 14 – 17, býður Lionsklúbburinn Engey upp á ókeypis blóðsykursmælingar í göngugötunni í Mjódd.


Á sama tíma og sama stað verður basar til styrktar líknarsjóði klúbbsins og barnastarfi Kvænnaathvarfsins. Á basarnum verður til sölu bakkelsi og ýmislegt þrjónles. Posi verður á staðnum.



**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frimann 897 2468	 Hálfdán 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Jón 793 4455
--	--	---	--

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



## Mæðrastyrksnefnd Kópavogi



Umsóknir um jólaaðstoð fyrir Kópavogsbúa verða alla þriðjudaga í nóvember kl.16-18 að Fannborg 5 Kópavogi.

Athugið að skila þarf inn íbúasýn frá Kópavogsbæ og staðgreiðslufirliti frá rsk. Gögnin þurfa að vera útprentuð.

## Áætla að virði styrks bæjarins vegna Kópavogsblótsins samsvari kr. 17.338.192,-

Breiðablik, Gerpla og HK óska eftir stuðningi bæjarins við Kópavogsblótið 2025

Breiðablik, Gerpla og HK lögðu fram beiðni á síðasta fundi bæjarráðs um stuðning Kópavogsbæjar við Kópavogsblótið 2025, sem verður haldið 24.janúar í Kórnum.

## Kópavogsblótið hefur menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið og samfélagið í heild

Í bréfi sem fylgdi beiðninni frá félögunum segir m.a. að stóru íþróttafélagin í Kópavogi hafi staðið að sameiginlegu Kópavogsblóti síðastliðin 6 ár. Félögin leggja gríðarlega mikinn metnað í blótið og hefur þessi viðburður nú þegar fest sig rækilega í sessi hjá íbúum Kópavogs. „Við teljum hann að sama skapi hafa mikið menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið og samfélagið í heild. Mikil eftirvænting er fyrir blótinu og ávallt hefur framkvæmdin gengið mjög vel og blótið fengið jákvæða og góða umfjöllun ár hvert. Félögin leggja til mikla vinnu við að láta Kópavogsblótið verða jafn glæsilegt og raun ber vitni á sem hagkvæmasta hátt en á sama tíma skiptir þetta sköpum í fjárflyflun félaganna. Vegna mikilla verðhækkana hefur ágóðinn minnkað undanfarin ár og minna er til skiptanna.



Stuð og stemning! Frá Kópavogsblótinu í ár

Til þess að blótið verði að veruleika 2025 er gríðarlega mikilvægt að Kópavogsbær komi enn betur að þessum viðburði með stuðningi við félögin til að tryggja að Kópavogsblótið verði að veruleika á bóndadaginn 2025. Við óskum því eftir stuðningi Kópavogsbæjar sem væri fólgin í eftirfarandi þáttum:

- Afnot af íþróttamannvirkinu Kórnum
- Afnot og flutning hlífðargólfs
- Afnot og flutning dansgólfs

Með von um jákvæðar undirtektir og skjót svör,“ segir í bréfinu sem er undirritað af framkvæmdastjórum félaganna.

Bæjarráð samþykkti á fundinum að mannvirki Kópavogsbæjar ásamt hlífðargólfi í eigu bæjarins verði lánuð endurgjaldslaust vegna Kópavogsblótsins. Flutningur er á kostnað félaganna. Áætlað virði styrks bæjarins samsvarar kr. 17.338.192,-

# KJÓSTU → ÖÐRUVÍSI

30.  
NÓVEMBER



# PÍRATAR



# KÓPAVOGS - P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.  
Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,  
Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Kópavogspósturinn kemur næst út 21. nóvember**

Síðasti skiladagur er föstudaginn 15. nóvember  
valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstisins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRÁUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

**Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað**



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

**Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)**

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjörð | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)



**Frí Tjónaskoðun**

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

554 2510



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utforin.is](mailto:utfor@utforin.is) | [utforin.is](http://utforin.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Kópavogspósturinn á [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

## Lagt til að hæðafjöldi kennisleitis- byggingar lækki úr 8 hæðum í 7

Nýjar deiliskipulagstillögur Arnarnesháls/Arnarlands taka það miklum  
breytingum að nauðsynlegt verður að auglýsa þær að nýju

Jóhanna Helgadóttir hjá Nordic kynnti þær aðal- og deiliskipulagstillögur sem eru í móttun og ganga til móts við þær athugasemdir sem bárust í auglýsingarferli frá íbúum í Garðabæ og Kópavogi. Tillögur taka það miklum breytingum að nauðsynlegt verður að auglýsa þær að nýju.

Tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Arnarlands mun þó breytast óverulega en tákni fyrir undirgöng undir Arnarnesveg færast austur og ákvæði um hæðafjölda kennisleitisbyggingar lækkar úr 8 hæðum í 7.

Jóhanna kynnti einnig þær deiliskipulagstillögur fyrir Arnarland sem eru í móttun og ganga til móts við þær athugasemdir sem bárust í auglýsingarferli. Útfærslan kallar einnig á breytingu á deiliskipulagi Akra og kynnti Jóhanna drög að tillögu þess efnis.

Gert er ráð fyrir að í Arnarlandi risi borgarumhverfi með lifandi starfsemi og góðum íbúðum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Byggingar verða þriggja til sex hæða, lægri byggingar nær Fífuhvamsvegi og hærri byggingar nær Hafnarfjarðarvegi, kennisleitisbygging næst Hafnarfjarðarvegi átti að vera 8 hæðir, en nýjum tillögum er lagt til að byggingin verði 7. hæða.

Á heimasíðu Arnarlands segir að íbúðabyggð í Arnarlandi muni aðlagja sig að hæð, landhalla og byggðamynstri nærliggjandi fjölbýlishúsabyggðar í Garðabæ og Kópavogi. Hæðir íbúðabyggðar verða 3-5 en einstaka byggingar 6 hæðir, er það m.a. til þess að styrkja tengsl milli notkunar innan bygginga og mannlífs í göturými, torgum og inngördum. Mismunandi hæðir



Íbúðabyggð í Arnarlandi muni aðlagja sig að hæð, landhalla og byggðamynstri nærliggjandi fjölbýlishúsabyggðar í Garðabæ og Kópavogi



Meginaðkoma akandi í Arnarland verður um nýja gatnatengingu við Fífuhvamsveg til móts við Arnarnesveg. Gert er ráð fyrir innanbæjartengingu við Akrahverfið um ný undirgöng undir Arnarnesveg

eru nýttar til þess að opna á sólarljós í inngördum, íbúðum og opna á sjónása milli bygginga. Uppbrot bygginga býður upp á tækifæri fyrir þakgarða og þaksvalir.

Meginaðkoma akandi í Arnarland verður um nýja gatnatengingu við Fífuhvamsveg til móts við Arnarnesveg. Gert er ráð fyrir innanbæjartengingu við Akrahverfið um ný undirgöng undir Arnarnesveg í samræmi

við gildandi aðalskipulag Garðabæjar og deiliskipulag Akra. Alla jafna er gert ráð fyrir bilastæðum í bílakjallara bæði undir íbúðabyggð og atvinnustarfsemi. Norðan við heilsuklasa er sömuleiðis gert ráð fyrir bilastæðahúsi sem skal vera hannað þannig að unnt sé að breyta notkun þess breytist þörf fyrir fjölda bilastæða í framtíðinni.

### X - 24 Alþingiskosningar

## Gott að eldast

Það að eldast er gæfa og við sem á eftir komum eigum fyrri kynslóðum margt að þakka. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og við lifum bæði lengur og betur. Sú þróun er afar jákvæð og er til marks um það öfluga velferðarsamfélag sem hefur verið byggt upp hér á landi á undanföllum áratugum. Öldrun þjóðarinnar er ekki aðeins jákvæð heldur er hún einnig fyrirsjáanleg og það er okkur sem samfélagi mikilvægt að undirbúa hana vel. Við viljum byggja hér upp aldursvænt samfélag þar sem borin er virðing fyrir einstaklingnum og þörfum hans á öllum æviskeiðum. Við þurfum að gera öllum kleift að viðhalda fægni, virkni og sjálfstæði um leið og við þurfum að vera tilbúin að grípa einstaklinga sem þurfa á auknum stuðningi velferðarkerfisins að halda.

### Heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

Í upphafi kjörtímabilsins var lagt af stað í vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk í samvinnu heilbrigðisráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Landssambandi eldri borgara.

Verkefnastjórn, skipuð af heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra, var falið í kjölfarið að leiða heildarendurskoðunina og leggja fram aðgerðaráætlun til

fjögurra ára. Þann 10. maí 2023 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um metnaðarfulla aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027 og fékk verkefnið heitið Gott að eldast.

### Samvinna

Verkefnastjórnin hefur lagt ríka áherslu á samvinnu og samráð í sinni vinnu þar sem málaflókurinn hefur marga snertifleti. Sú áhersla endurspeglast vel í aðgerðaráætluninni sem byggir á fimm stöðum sem snúa að samþættingu, virkni, upplýsingum, þróun og heimili.

Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög taka nú þátt í fjölbreyttum þróunarverkefnum víðsvegar um landið sem ganga út á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum. Í framhaldinu verður árangur þessa verkefna og umbóta metinn kerfisbundið og nýttast vel við ákvarðanatöku um framtíðarskipulag þjónustu við eldra fólk.

Það er mikilvægt að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru og ábyrgð á þjónustubáttum milli aðila sé skýr. Nálgun ólíkra fagstétta og fjölbreytt úrræði eru nauðsynleg en til þess að kerfið vinni sem ein heild þarf gott upplýsingagjöf aukast gæði þjónustunnar og á því er sérstaklega tekið í aðgerðaráætluninni. Í því samhengi



Willum Þór Þórsson

er nýsköpun ásamt stafrænum lausnum mikilvæg.

### Skýr framtíðarsýn

Gott að eldast er verkefni þjóðarinnar. Einstaklingurinn er þungamiðjan sem verkefnið og velferðarkerfið snýst um. Einstaklingurinn á að hafa aðgang að fjölbreyttri og samþættri þjónustu. Hvort sem það er heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða önnur stuðningsþjónusta. Heima eða í öðrum búsetuúrræðum. Við vitum hvert við viljum stefna og Gott að eldast er leiðarvísirinn.

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra og oddviti Framsóknar í Suðvesturkjördæmi

# SUÐVESTURKJÖRDÆMI



1. Bergþór  
Ólason



2. Nanna Margrét  
Gunnlaugsdóttir



3. Eiríkur S.  
Svavarsson



4. Anton Sveinn  
McKee



5. Lárus  
Guðmundsson



6. Lóa  
Jóhannsdóttir

ÁFRAM ÍSLAND  
MIÐFLOKKURINN



# Í góðum höndum

Nú er mánuður síðan Sjálfstæðisflokkurinn tók af skarið um að lengra yrði ekki komist í stjórnarsamstarfinu með þau mál sem skipta landsmenn mestu, og lagði framhaldið í dóm kjósenda.

Eftir þrjár vikur verður kosið um hvaða stefna tekur við næstu fjögur árin. Þegar gengið er að kjörborðinu er mikilvægt að kynna sér ekki aðeins kosningaloforð, heldur hvaða sögu flokkarnir hafa að segja í raun. Fögur fyrirheit mega sín lítils ef reynslan sýnir annað.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í næstum heila öld staðið fyrir athafnafrelsi í viðum skilningi, lagt áherslu á að fólk geti byggt sér framtíð á sínum forsendum og að farið sé vel með skattfé landsmanna. Við höfum víða þurft að læra af reynslunni og jafnvel miðlað málum helst til mikið, en ég segi þó fullum fetum að þessar áherslur sjást skýrt í framkvæmd þar sem sjálfstæðismenn eru við völd. Þetta á ekki síst við hér í Kópavogi og Garðabæ, þar sem stjórnin er í góðum höndum.

## Munurinn blásir við

Í Kópavogi hefur tekist sérstaklega vel að hafa hemil á skuldasöfnun, sveitarfélagið er um margt til fyrirmyndar í þjónustu og ný nálgun í leikskólamáli hefur skilað árangri fyrir barnafjölskyldur. Í Garðabæ er fjárhagsstaðan sterk og ekkert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu hefur gert meira í að mæta mikilli þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu. Síðastliðin 10 ár hefur íbúðum í Garðabæ fjölgað um 54%, en

um 18% í Reykjavík - þrátt fyrir að ekkert sveitarfélag búi yfir stærra byggingarlandi en Reykjavík. Við ætlum að gera enn betur í þessum efnunum, en gæðamunurinn er öllum augljós.

Í höfuðborginni hefur enda önnur stefna ráðið för. Þar hafa Viðreisn og Samfylking borið uppi vinstrimeirihluta í áraradír. Sveitarfélagið hefur hvað eftir annað brugðist þegar kemur að áætlunum í íbúðaupbyggingu, staðreynd sem allir landsmenn súpa seyðið af með hærra húsnæðisverði og verðbólgu. Síðustu tvö ár vantar 1.110 íbúðir upp á að Reykjavík uppfylli húsnæðisáætlanir sínar, margfalt á við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík hefur leikskóla- og dagvistunarplássum verið fækkað, ekki fjölgað, síðustu tíu ár - og vandinn vex fyrir vikið.

Allt ber að sama brunni í fjármálum borgarinnar þar sem skuldir á mann eru þær langhæstu á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf ekki að koma á óvart því á einhvern undraverðan hátt var kostnaður vegna skrifstofu borgarinnar 83% hærri á íbúa en gengur og gerist í annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

## Skýrir valkostir

Hægt er að halda lengi áfram en lærdómurinn er skýr: Þar sem sjálfstæðismenn eru í meirihluta er meira byggt, þjónusta betri, skattar og gjöld lægri. Þar sem Viðreisn, Samfylking og fylgitingl þeirra bera uppi vinstristjórnir er minna byggt, þjónustan verri og álögur hærri.



Bjarni Benediktsson

Þegar flokkar með slíka stefnuskrá segjast ætla að gera eitthvað allt annað og betra í landsmálunum, þá er ástæða til að hugsa sig tvisvar um. Rætt er um hækkun ýmissa skatta og nýir boðaðir, nú er talað um „tómhússkatt“ og sérstakt markmið sagt að auka útgjöldin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þá stefnu að verðmætasköpun í landinu sé grunnurinn og að stilla þurfi álögum í hóf. Mikilvægt sé að skapa störf, fjárfestingu og öflugt atvinnulíf. Slík stefna muni gera okkur kleift að styrkja innviði, efla þjónustu og tryggja þétttrið net velferðar. Þannig höfum við náð að skipa okkur í fremstu röð meðal þjóða á mælikvarða lífsgæðanna.

Höldum áfram á réttu braut, sækjum meiri árangur fyrir okkur öll.

Höfundur er forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

# Jólabasar Waldorf-skólans í Lækjarbotnum



Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur halda sinn árlega jólabasar laugardaginn 16. nóvember í Lækjarbotnum.

Basarinn er uppskeruhátíð eftir vinnu haustsins og mikilvæg fjáröflun fyrir skólann og síðast en ekki síst kynning á skólanum og samfélaginu sem hann byggir á.

Óhætt er að segja að mikil eftirvænting og tilhlökkun sé hjá börnum, starfsfólki og foreldrum fyrir basarum en frábærlega tókst til í fyrra. Basarinn er einstök upplifun og eru allir hjartanlega velkomnir og ekki er þörf að hafa tengingu inn í skólann til að koma og njóta hans og þess sem boðið verður upp á.

Meðal þess sem í boði verður eru eld-bakaðar pizzur, barnakaffihús, kaffihlaðborð, brúðuleikhús, veiðitjóm þar sem yngstu börnin geta veitt eitthvað góðgæti. Einnig verður útielldhús og ýmsar aðrar upplifanir.

Síðan en ekki síst verður til sölu fallegt handverk sem skólasamfélagið hefur í sameiningu skapað. Lagt er kapp á náttúrulegan efnivið og vandað er til verka. Meðal annars verða leikföng, jólaskraut, bývax kerti og jurtasmiðju afurðir og te til sölu.

Jólabasar Waldorfskólans er frá kl. 12-17 laugardaginn 16. nóvember og er aðkoma að Lækjarbotnum frá Suðurlandsvegi. Þetta er fjölskylduskemmtun sem óhætt er að mæla með.

Bókasafn  
Kópavogs

| bokasafn.kopavogur.is

# Bókaspjall

## 21. nóvember kl. 20:00

Árlegt bókaspjall Bókasafns Kópavogs fer fram á aðalsafni undir stjórn Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur. Rithöfundar lesa úr nýjustu verkum sínum og taka þátt í líflegum umræðum.



Benný Sif Ísleifsdóttir  
Speglahúsið



Bjarni Snæbjörnsson  
Mennska



Guðrún Eva Mínervudóttir  
Í skugga trjáanna



Guðrún Sóley Gestsdóttir  
stýrir umræðum

Léttar veitingar, kertaljós og huggulegheit.  
Aðgangur ókeypis og öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.

MINNI  
ÖFGAR

MEIRI  
FRAMSÓKN



## Öflugur á miðjunni!

Willum Þór Þórsson hefur sýnt það sem heilbrigðisráðherra að hann lætur hendur standa fram úr ermum.

Hann náði samningum við sérgreinalækna, samdi um liðskiptaaðgerðir, margfaldaði stuðning vegna tannréttinga, lækkaði kostnað kvenna vegna brjóstaskimana. Og hann er tilbúinn í frekari sókn fyrir samfélagið.

Hefur þú trú á framtíðinni?  
Við segjum já!

[xb.is](http://xb.is)

 Framsókn

# Fjölskylduverslun með gæðavörur og persónulega þjónustu í Tónahvarfi 10, Kópavogi

Í ágúst opnuðu hjónin Guðbjörg og Stefán nýja barnavöruslun MiniPlay.is og Grillkofann.is sérvöruslun fyrir grill og pizzaofna í Tónahvarfi 10 í Kópavogi.

**Barnavöruslunin MiniPlay.is selur fallegar og vandaðar barnavörur**  
Guðbjörg segir að MiniPlay.is selji vönduð og stílhrein leikföng og barnavörur fyrir börn á öllum aldri. „Vörurnar eru hannaðar til að yta undir sköpun og ímyndunarafli barna auk þess að vera framleiddar úr hágæða efnum með tilliti til umhverfisins,” segir hún.

Vörurnar eru vinsælar gjafir og henta við öll tilefni, enda fátt jafn skemmtilegt og að gefa nýtsamlegar og nýstárlegar gjafir sem gleðja augað og efla sköpunargáfuna á sama tíma. „Hjá okkur færðu vörur sem munu hitta í mark hjá barninu,” segir Guðbjörg.



**Vörur sem yta undir opinn leik hjá börnum**  
En hvernig kom það til að þið opnuðu barnavöruslun? „Það sem vakti fyrir okkur með stofnun MiniPlay.is var að okkur langaði að flytja inn fallegar vörur sem yta

**Guðbjörg og Stefán í barnavörusluninni Miniplay.is í Tónahvarfi**

undir opinn leik hjá börnum þannig að þau nýtt sköpunarkraftinn sinn í gegnum leik. Það getur m.a. hjálpað þeim að auka sjálfs-traust sitt, hreyfifærni, jafnvægi og fleira.”



**Trampólin og baunastólar frá Wigiwama slá í gegn**

Guðbjörg segir að vinsælustu vörurnar séu m.a. lítill trampólin og baunastólar frá merkinu Wigiwama sem hefur slegið í gegn og selst alltaf upp um jólin. Það er því um að gera að vera tímalega fyrir jólin.

**Barnavörur framleiddar úr hágæða efnum með tilliti til umhverfisins**  
Í dag býður MiniPlay.is upp á fjölbreytt úrval af barnavörum, leikföngum og gjafavörum fyrir börn á öllum aldri. „Vörurnar okkar eru framleiddar úr hágæða efnum með tilliti til umhverfisins og eru

án allra eitru- og ofnæmisvaldandi efna,” segir hún og bætir: „Markmið okkar er að bjóða uppá úrval af vandaðari gæðavörur og veita persónulega og góða þjónustu.”

**Eina sérvöruslunin með grill og pizzaofna á landinu**  
Og þið hjónin rekið einnig verslunina Grillkofan.is í sama húsnæði og MiniPlay.is að Tónahvarfi 10. „Já, það er rétt. Grillkofinn og pizzafnar.is sameinuðust nýlega undir nafni Grillkofans og erum við eina grill sérvöruslunin á Íslandi. Við erum umboðsaðili fyrir Ooni pizzaofnana sem fjöldi landsmanna á og hafa þeir ofnar reynst einstaklega vel á Íslandi og svo erum við með frábært úrval af kolagrillum og rafmagnsstýrðum kolagrillum og reykofnum. Á næsta ári munum við bæta við gasgrillum í vöruúrvalið hjá okkur.

Nýlega fengum við frábærar pönnur og potta frá Skottsberg sem eru eiturefnalausir, húðaðir með lífrænni olíu, klárir úr



kassanum sem eru á frábæru verði og fylgir þeim lífstíðarábyrgð. Einnig erum við með mikið úrval af kryddum og aukahlutum fyrir eldamenskuna og pizzagerðina,” segir Guðbjörg Una og bætir við: „Við leggjum mikinn metnað í það að bjóða uppá gæðavörur á góðu verði, persónulega þjónustu og sérþekkingu á öllu tengdu grillum og pizzaofnum. Þú færð jólagjöfina fyrir grillarann og pizzaunnendur hjá okkur,” segir Guðbjörg Una brosandi að lokum.

**Pizzuofnarnir hafa slegið í gegn**



# GEFÐU ÞÉR OG ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM VELLÍÐAN

## GJAFAKORT

Nafn korthafa: \_\_\_\_\_

þjónusta eða vara: \_\_\_\_\_

Tímalengd eða upphæð: \_\_\_\_\_ Gildir út: \_\_\_\_\_



[www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)

**RELAXATION CENTRE**  
NUDD OG SNYRTING

Nýbúla vegi 8 & [www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)






Toyota  
Kauptúni

# ALGJÖR GRUNDEVALLAR- SMURNING

Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu hjá  
Toyota Kauptúni til 30. nóvember.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.\*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni Kauptúni 6 Garðabæ 570 5070

\*Sértíloð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

## Til móts við nýja tíma

Stjórnmal eiga að snúast um hagsmuni þjóðarinnar, einstaklinga og atvinnulífs, á grunni skýrrar hugmyndafræði. Miðflokkurinn vill breyta stöðunni í efnahagsmálum, útlendingamálum og orkumálum en einnig í húsnæðismálum þar sem ráðist verði á rót vandans. Þá viljum við rjúfa áratuga kyrrstöðu í nauðsynlegri uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í stað þess að festa hana í sessi víthringis óraunhæfra og kostnaðarsamra hugmynda borgarlinunnar.

Við stöndum fyrir innihald umfram umbúðir. Við þurfum að standa vörð um fullveldi landsins, íslenska tungu og menningu. Við leggjum áherslu á lausn verkefnanna á grundvelli þess hvað sé skynsamlegt þar sem virðing er borin fyrir samhenginu milli velferðar og öflugs atvinnulífs.

### 1. Heildstæð nálgun á efnahagsmálum og atvinnulíf

Miðflokkurinn vill draga úr óþarfa ríkisútgjöldum og stöðva viðvarandi halla á ríkissjóði undanfarin 7 ár. Ábyrg ríkissjómál þýða lækkan verðbólgu og vaxta sem í dag er stærsta velferðarmálið. Við viljum efla nýsköpun og styrkja sjálfstæði atvinnulífsins og hlúa að öllum fjórum útlutningsstöðum landsins.

### 2. Ábyrg innflytjendastefna sem tekur mið af íslenskum veruleika

Miðflokkurinn telur að innflytjendastefna eigi ekki að vera ákvörðun sem tekin sé í flýti eða út frá pólitískum þrýstingi. Við viljum heildarendurskoðun laga um hælisleitendur svo þau taki raunverulega mið af getu samfélagsins til að taka á móti hælisleitendum í stað óstjórnar síðustu ára. Afnema þarf sérreglur íslenska hælisleitendakerfisins með sama hætti og þær hafa verið afnumdar á hinum Norðurlöndunum. Kerfið á ekki virka eins og segull sem skapað hefur ástand sem dregur hingad til lands þúsundir hælisleitenda með



Eiríkur S. Svavarsson

gríðarlegu álagi á alla okkar grunninnviði og jafnvel misnotkun þeirra.

### 3. Orkumál og umhverfisvernd

Miðflokkurinn styður umhverfisvernd byggða á tækni, vísindum og heilbrigðri skynsemi. Við teljum mikilvægt að nýta umhverfisvæna innlenda orku til að auka lífskjör á Íslandi. Við getum aukið orkuframleiðslu, bætt flutningskerfið og nýtt virkjanir og orkukosti betur til að bæta kjör landsmanna. Til að standa undir velferð þarf vélin að virka.

Stjórnmalin eru á krossgötum og það eru viðbrögðin sem skipta öllu máli fyrir framhaldið. Þau geta ekki farið lengur fram í tómarúmi aðgerðaleysis og stjórlausra ríkisútgjalda. Það þarf að virkja, byggja og sýna aðhald í ríkisrekstri. Ég býð mig fram fyrir Miðflokkinn vegna þess að ástandið kallar á mig með sama hætti og það gerði þegar ég barðist gegn því að skattgreiðendur greiddu ólögvarðar kröfur ícesave. Þá tókst að beygja skútuna í rétta átt. Við getum gert betur og höfum gert það áður. Það munar um Miðflokkinn.

Eiríkur S. Svavarsson, höfundur er íbúi í Garðabæ og er í 3. sæti á lista Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi.

## Minnihlutinn í bæjarráði ósáttur með viðskilnaðinn við héraðsskjalavörð

Hrafn Sveinbjörnsson skilar lyklinum að Héraðsskjalasafninu

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var tekið fyrir erindi frá Hrafn Sveinbjörnssyni fráfarandi héraðsskjalavörði Kópavogs, frá 30. september sl., sem var hans síðasti vinnudagur, en bæjarstjórn Kópavogs ákvað í fyrra að láta loka Héraðsskjalasafni Kópavogs og flytja safnkost þess til Þjóðskjalasafnsins.

Í erindi Hrafns kemur fram að hann hóf störf sem héraðsskjalavörður Kópavogs við Héraðsskjalasafn Kópavogs 1. janúar 2006 og þann 30. september 2024 sl., var hans síðasti vinnudagur miðað við unninn þriggja mánaða uppsagnarfrest.

### Enginn fulltrúi Kópavogsbæjar eða Þjóðskjalasafns Íslands komið að máli við Hrafn

„Enginn fulltrúi Kópavogsbæjar eða Þjóðskjalasafns Íslands hefur talað við undirritaðan eftir að hann kom úr sumarleyfi 1. ágúst sl. Óljóst er hvernig undirrituðum er ætlað að afhenda safngögn Héraðsskjalasafns Kópavogs, sem lagt var niður 23. apríl 2023, og í hvers hendir.

Því sendi ég bæjarráði Kópavogs hjálagað umslag með lykklum þeim sem ég hef haft að húsnæði sem geymir safngögn Héraðsskjalasafns Kópavogs, að Digranesvegi 7 og Fannborg 3-5,” segir í erindi Hrafns.

### Meirihluti bæjarstjórnar þakkar héraðsskjalavörð fyrir samstarfið í gegnum árin

Í bókum frá meirihluta segir m.a. að frá árinu 2023 hafi meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs staðið fyrir breytingum á menningarhúsum bæjarins og var t.a.m. á afmæli Kópavogsbæjar, 11. maí s.l., Náttúrufræðistofa Kópavogs opnuð að nýju með gjörbreyttu sniði sem lýtur að kjarnahlutverki safnsins. „Þá var nýverið kynnt skýrsla um fjölbreytt tækifæri í rekstri Salarins sem nú þegar er farið að



Fullar hillur Héraðsskjalasafns Kópavogs (Mynd frá 2023)

vinna að í samráði við nýjan forstöðumann Salarins. Lokun Héraðsskjalasafns Kópavogs og flutningur safnkosts þess til Þjóðskjalasafns er hluti af þeim breytingum sem bæjarstjórn Kópavogs ákvað og hefur undirbúningur þess staðið yfir. Frá 1. apríl hefur Þjóðskjalasafn Íslands tekið á móti gögnum frá stofnunum bæjarins og veitt sveitarfélaginu ráðgjöf um gagnaskil. Byrjað er að flytja safnkost héraðsskjalasafnsins til Þjóðskjalasafns og þegar þeirri vinnu lýkur verður allur safnkosturinn hýstur hjá Þjóðskjalasafni.

Forstöðumaður héraðsskjalasafnsins lét af störfum um síðustu mánaðarmót og eru honum færðar þakkar fyrir samstarfið í gegnum árin,” segir í bókun meirihlutans í bæjarráði.

### Skortur á tillitssemi og virðingu við starfslok lykilstarfsmanns úr öllum takti við markmið Kópavogsbæjar

Í bókun minnihlutans kemur fram að hann harmi þá lýsingu sem fram kemur í bréfi fráfarandi héraðsskjalavörðar. „Skortur á tillitssemi og virðingu við starfslok lykilstarfsmanns til margra ára er úr öllum takti við markmið Kópavogsbæjar um að rækta sem best þann mannauð sem í starfsfólki hans felst. Enn síður




Hrafn Sveinbjörnsson hefur skilað inn lykklum að Héraðsskjalasafninu

speglast í þessum samskiptum sú áhersla mannaútsstefunnar að samskipti starfsfólks skuli einkennast af virðingu, umburðarlyndi og jákvæðu viðmóti. Undirrituð fordæma hvernig staðið hefur verið að niðurlagningu Héraðsskjalasafns. Við krefjum bæjarstjóra upplýsinga um safngögn, hvaða flokkar skjala eru vistaðir hjá Þjóðskjalasafni og hvaða skjalaflokkum og frá hvaða tímabili er haldið er eftir hjá Kópavogsbæ. Sérstaklega er spurst fyrir um einkasöfn sem íbúar Kópavogs höfðu falið Héraðsskjalasafninu til varðveislu,” segir í bókun minnihlutans.

**NOMY**  
VEISLUPJÓNUSTA

LÁTTU VERÐLAUNAKOKKA  
NOMY SJÁ UM VEISLUNA ÞÍNA.  
BÓKAÐU JÓLAHLAÐBORD OG  
JÓLASMÁRÉTTAVEISLU  
Á NOMY.IS

HÁGÆÐA MATREIÐSLA  
FYRIR ÖLL TÍLEFNI



# KOMDU Í SUND Í KÓPAVOGI



## Sund fyrir alla

Sundlaugarnar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum. Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

### Opið

virka daga 6:30–22:00,  
laugardaga og sunnudaga  
8:00–18:00

### Sundlaug Kópavogs

Borgarholtsbraut 17–19

### Salalaug

Versölum 3



Sundlaugar Kópavogs

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

# Loftslagið þolir enga bið - taktu skrefið með okkur

Loftslagsbreytingar eru ekki bara tölfraði eða fréttafyrirsagnir – þær snerta líf okkar allra. Þær hafa áhrif á heimili okkar, fjölskyldur og framtíðina sem við viljum skapa fyrir börnin okkar. Biðstaða er ekki lengur í boði; við stöndum á tímamótum þar sem við þurfum að taka ákvarðanir sem skipta máli.

Píratar hafa lengi staðið með náttúrunni og vilja ekki aðeins vernda hana heldur tryggja að komandi kynslóðir fái tækifæri til að lifa í heilbrigðu og sjálfbærnu samfélagi. Við tölum ekki bara um aðgerðir – við viljum að fólk fái raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lausnum. Þetta snýst um að byggja framtíð þar sem allir fá að njóta sín í sátt við náttúruna.

## Orka í þágu fólksins, ekki mengandi stóriðju

Að mörgu er að huga þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum. Það er ekki nóg að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda; við verðum einnig að efla stjórnsýslu loftslagsmála og styðja við nýsköpun sem skilar raunverulegum breytingum. Með því að vinna saman að þessum markmiðum getum við tryggt að Ísland verði í fararbroddi í loftslagsmálum og uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar.

Íslendingar eiga að njóta auðlinda sinna. Píratar vilja að orkuvinnsla þjóni samfélaginu, ekki mengandi stóriðju og þess vegna forgangsroðum við almenningi og grænni nýsköpun. Orkuskipti verða að vera í þágu fólks og smærri fyrirtækja, þar sem allir njóta jafns aðgengis að endurnýjanlegri orku á viðráðanlegu verði – óháð búsetu.

## Ekkert til spillis í hringrásarhagkerfi

Samgöngur eru lífæð samfélagsins og þær þurfa að vera vistvænar og aðgengilegar. Við ætlum að skapa framtíð þar sem fólk velur vistvæna ferðamáta fram yfir einkabílinn – ekki bara af því það er umhverfi-



Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

svænt, heldur af því það er þægilegast. Á landsbyggðinni viljum við líka tryggja almenningssamgöngur sem raunverulega virka og efla hvata fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Við viljum byggja upp öruggt og grænt samgöngukerfi sem þjónar öllum, hvar sem þeir búa.

Framtíðin liggur í nýsköpun. Með því að fjárfesta í grænum sprotafyrirtækjum og stuðla að þróun umhverfisvænna lausna getum við skapað sjálfbærna iðnað sem stendur undir sér til framtíðar. Fyrir í haust lagði þingflokkur Pírata til að komið yrði á fót hringrásarstyrkjum til að draga úr kostnaði einstaklinga við viðgerðir. Það á að vera auðvelt og hagkvæmt að gera við tæki og tól í stað þess að henda þeim og kaupa ný. Þetta er lyklatríði í hringrásarhagkerfi þar sem ekkert fer til spillis.

Græn umskipti eru ekki bara nauðsyn – þau eru tækifæri. Með öflugum loftslagsaðgerðum og vistvænum samgöngum ætlum við Píratar að tryggja bjarta framtíð fyrir okkur öll. Við viljum skapa samfélag þar sem bæði jörðin okkar og við sem hér búum fáum notið okkar.

**Sigurbjörg Erla Egilsdóttir**  
Höfundur er bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi og frambjóðandi í 3. sæti í Suðvesturkjördæmi.

# Þrátt fyrir að lokun hjúkrunarhlutans sé þungbær fyrir framúrskarandi starfshóp Roðasala tel ég fyrirhugaðan flutning íbúum Roðasala til heilla og besta kostinn úr því sem komið er - segir í umsögn Einars Ellerts Björnssonar forstöðumanns Roðasala

Bæjarfulltrúarnir Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Sigurbjörg Erla Egilsdóttir óskuðu eftir umsögn frá forstöðumanni Roðasala vegna fyrirhugaðar lokunar á dögnum, en bæjarstjórn Kópavogs mun ekki endurnýja samning við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) vegna reksturs hjúkrunarheimilisins Roðasala sem rennur út í lok mars 2025. Lagt er til að framlengja núgildandi samning tímabundið á meðan unnið er að því að flytja íbúa Roðasala í ný hjúkrunarrými Hrafnistu við Boðaping sem tekin verða í notkun vorið 2025.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var svo umsögn Einars Ellerts Björnssonar forstöðumanns Roðasala lögð fram, en þar kemur m.a. fram að á síðastliðnum þremur árum hafi hann sem forstöðumaður Roðasala, ítrekað vakið athygli á erfiðum aðstæðum og aukinni þjónustuþyngd á Roðasölum án þess að ná að þoka málum í rétta átt. Hann telur því eftir þriggja ára baráttu um að bæta hag íbúa og aðbúnað starfsfólks beri honum skylda til, sem hagsmunagæslumanni heimilisins og talsmanni að gæta að velferð þeirra og hagsmunum. Með það að leiðarljósi geti hann ekki sett sig upp á móti þeirri tillögu sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. október sl. að loka Roðasölum.

## Umsögn forstöðumanns Roðasala.

„Undirritaður, forstöðumaður Roðasala, hefur verið beðinn um að taka saman stutta samantekt vegna fyrirhugaðar lokunar hjúkrunarhluta Roðasala. Líkt og áður hefur komið fram, hefur þjónustuþyngd íbúa hjúkrunarsambýlisins aukist mikið undanfarin ár, líkt og gerst hefur á öðrum hjúkrunarheimilum samhliða auknum áherslum stjórnvalda á að auka þjónustu í heimahúsum.

Ég hef haft vaxandi áhyggjur af því hve erfitt er orðið að veita þjónustuna og vakið máls á óviðunandi aðstæðum íbúa og starfsfólks við færni- og heilsumatsnefnd, Sjúkratryggingum Íslands og heilbrigðisráðuneytinu í samráði við mína fyrrverandi yfirmenn hjá velferðarsviði Kópavogs.

Ég sendi bréf til velferðarsviðs, árið 2021, þar sem vakinn var athygli á því að ákveðinna útbóta var þörf til þess að uppfylla skilyrði heilbrigðis- og vinnueftirlits um gæði þjónustunnar til að sinna mikið veikum einstaklingum sem þurfa krefjandi einstaklingsmiðaða hjúkrun með flóknar hjúkrunarþarfir með tilheyrandi hjálpartækjum og þjónustu. Í bréfinu kom fram að húsnæði Roðasala, eins og það var, og er enn, uppfyllir ekki kröfur heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits til nútíma hjúkrunarheimila. Í bréfinu tiltók ég einnig áhyggjur mínar af eftirfarandi atriðum, sem enn er ábótavant:

- Skolherbergi er ófullnægjandi og fer skol fram inni á starfsmannasalemi. Þegar við hjúkrun mikið veikum einstaklingum er nauðsynlegt að skolherbergi sé bæði með hreinu og óhreinum svæði. Eins og staðan er hjá okkur í dag getur smit borist auðveldlega á milli hreinna og óhreinna ílátum sem geta valdið alvarlegri hópýkingu.



Hrafnista Boðaping! Kópavogsbær hefur rekið Roðasali síðastliðin 20 ár með daggjöldum frá ríkinu og viðbótarframlagi frá bænum, en íbúar Roðasala munu flytja í ný og betri hjúkrunarrými Hrafnistu við Boðaping á vormánuðum 2025

- Vegna þrengsla í húsinu er mjög erfitt að vera með stór hjálpartæki sem óskað er eftir þegar verið er að sinna langt gengnum einstaklingum, má þar nefna hjólastólar, segl lyftari, baðbekkur og önnur fyrirferðamikil hjálpartæki sem þurfi mikið rými til athafna og tvo til aðstoðar.

- Ekki er nein sérstök aðstaða fyrir iðju og sjúkrabjálfun á heimilinu og hefur þessi þjónusta verið veitt í matsal og betri stofu sem eru ekki hannaðar til að bera uppi slíka þjónustu og oft rekast á matmálistímar og starf iðju/sjúkrabjálfunar.

- Salernisaðstaða er ekki inn á herbergjum en gerð er krafa um það á nútíma hjúkrunarheimilum.

- Tvö af fjórum salernum íbúa á heimilinu eru með aðgengi fyrir hjólastóla.

- Sturtuástaðan á heimilinu rúmar illa baðbakk, segllyftara eða önnur fyrirferðamikil hjálpartæki sem þarf fyrir mikið veika einstaklinga sem þurfa aðstoð tveggja. Loftræsting í þessu rými er ábótavant. Hún hefur verið tekin út af fagaðilum reglulega og ekki hefur tekist að fá hana til að virka og hefur starfsfólk ítrekað kvartað yfir því hversu súrefnisnautt loftið er þegar fleiri en einn er að athafna sig í því rými.

- Sérstaða húsnæðisins liggur í því að þetta er heimili en ekki stofnun og því var ekki gert ráð fyrir til dæmis að tveir hjólastólar gætu mæst sumstaðar í húsinu.

- Geymsla fyrir hjálpartæki sem ekki eru í notkun er ekki til staðar en nauðsynlegt er að hafa rúmgóða geymslu þar sem hægt er að geyma þessi tæki svo þau eru ekki skilin eftir hér og þar sem hefur í för með sér óþarfa byltuhættu fyrir íbúa heimilisins.

- Ekki er nein vaktaaðstaða fyrir starfsfólk sem það getur leitað í þegar það er að sinna krefjandi verkefnum.

- Breytt stöðugildi og breytt verklag innan heimilisins til dæmis varðandi mönnun á nöttinni þegar kemur til þess að við þurfum að sinna deyjandi einstakling en það ferli getur tekið nokkrar vikur og felur í sér meiri sérhæfni í hjúkrun og er mannfreakari en við erum að veita í dag.

Í samskiptum mínum við Sjúkratryggingar Íslands hef ég vakið máls á ofangreindu og ítrekað nauðsyn þess að íbúar flytjist á önnur heimili þegar þjónustan er komin á það stig að við getum ekki sinnt henni. Í því samhengi var gert samkomulag við Hrafnistu og Sjúkratryggingar um Hrafnista tæki við íbúum sem við gætum ekki þjónustað vegna þrengsla, en þeir flutningar hafa verið háðir samþykki færni og heilsumatsnefndar.

Starfsfólk færni og heilsumatsnefndar hefur í samskiptum við mig ekki sett ofangreint samkomulag í forgang og vísar til ýmissa aðstæðna s.s. langrar biðar á önnur heimili, breytinga hjá heimilum þar sem verið er að fækka tvíbýlum í einbýli og lokunum lítilla hjúkrunarheimila auk annarra ástæðna. Er því ljóst að samkomulagið dugar illa til í reynd. Þar af leiðir að íbúum Roðasala biður óásættanlega löng bið eftir því að komast á önnur heimili sem veitt geta þá þjónustu sem þarf. Í dag er staðan sú tveir íbúar hafa verið á bið eftir öðrum heimilum í yfir 12 mánuði og eiga viðkomandi íbúar umsóknir á sex og sjö heimilum. Fjórir aðrir íbúar þyrftu að huga að flutningi í næinni framtíð sökum aðstöðuleysis.

Í ljósi þess að á síðastliðnum þremur árum hef ég sem forstöðumaður Roðasala ítrekað vakið athygli á ofangreindum aðstæðum og aukinni þjónustuþyngd án þess að ná að þoka málum í rétta átt. Tel ég að eftir þriggja ára baráttu um að bæta hag íbúa og aðbúnað starfsfólks beri mér skylda til, sem hagsmunagæslumaður heimilisins og talsmaður að gæta að velferð þeirra og hagsmunum. Með það að leiðarljósi get ég ekki sett mig upp á móti þeirri tillögu sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. október. Þrátt fyrir að lokun hjúkrunarhlutans sé þungbær fyrir framúrskarandi starfshóp Roðasala tel ég fyrirhugaðan flutning íbúum Roðasala til heilla og besta kostinn úr því sem komið er,” segir í umsögn Einars Ellerts forstöðumanns Roðasala.

## Kópavogsbær rekið Roðasali í 20 ár

Kópavogsbær hefur rekið Roðasali síðastliðin 20 ár með daggjöldum frá ríkinu og viðbótarframlagi frá bænum. Í Roðasölum eru 10 hjúkrunarrými en þar af eru átta þeirra einungis 14 m2 að stærð og deila þeir íbúar bað- og salernisaðstöðu.

popmask

# SPOTTAÐU BÓLUNA

MED POPSPOT BÓLUPLÁSTRINUM

NÝ SENDING  
KOMIN TIL  
LANDSINS



MEST SELDA  
POPMASK  
VARAN Í  
HAGKAUP

48  
PATCHES

ÖRÐUNNIR BÓLUPLÁSTRAR ÚR VATNSKVOÐULAUSN SEM VINNA Á BÓLUM Á AÐEINS NOKKRUM KLUKKUSTUNDUM  
Innihaldi salísýlsýru en hún dregur úr bólguþyngdun og er einnig bakteríudrepandi. Plástrarnir innihalda einnig tea tree öllu sem sefar höðuna og kemur í veg fyrir erftingu. Plástrarnir eru glærir og mattir svo þeir verða náðast ósýnilegir þegar þeir eru settir á höðuna. Þú finnur lista yfir sölustaði POPMASK á bpro.is

WWW.BPRO.IS | /BPROICELAND | @BPROICELAND | @BPROICELAND



*Jólahlaðborð Fjörúkrárinnar  
hefst 15 nóvember*

*Bókanir og fyrirspurnir: [birna@fjorukrain.is](mailto:birna@fjorukrain.is)*



*Víkingasveitin okkar spilar  
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við  
eftir borðhald*

# Þegar fjölbreytileikinn styður við menningararfinn

Bókasafn Kópavogs fékk styrki á vordögum, „Blásum lífi í þjóðsögurnar“ og „Bóksafnið í fjölyngdu samfélagi“ sem hefur auðgað starfið á safninu

Á vordögum hlaut Bókasafn Kópavogs styrki fyrir tvö skemmtileg verkefni sem hafa auðgað starfið á safninu síðustu vikur. Annars vegar er um að ræða styrk frá Barnamenningarsjóði fyrir verkefnið „Blásum lífi í þjóðsögurnar“ sem snýr að því að halda á lofti þeim menningararfi sem íslensku þjóðsögurnar geyma og kynna þær fyrir börnum. Þá fékk bókasafnið styrk frá Nordplus og Bókasafnasjóði fyrir verkefnið „Bóksafnið í fjölyngdu samfélagi“ en verkefnið snýr að því að koma betur til móts við þá fjölbreyttu hópa sem sækja safnið heim.

„Það hefur verið mikil ánægja með þá fjölbreyttu viðburði sem safnið hefur nýtt styrkina í og gaman að sjá hvernig verkefnið tvö hafa stutt hvort við annað og stuðlað að auknum áhuga á menningu, tungumálinu og skapandi samverustundum fjölbreyttra hópa,“ segir Eyrún Ósk Jónsdóttir verkefnastjóri fræðslu og miðlunar á bókasafninu sem heldur utan um verkefnið tvö.

## Blásum lífi í þjóðsögurnar

Alla miðvikudaga býður bókasafnið upp á sögustundir fyrir leikskóláhópa. Á haustdögum hefur starfsfólk lesið valdar þjóðsögur fyrir börnin og kynnt fyrir þeim þennan skemmtilega menningararfi okkar Íslendinga. Í kringum hrekkjavökuna var haldin skrímslasmiðja þar sem krakkar gátu komið og teiknað íslensku skrímslin úr þjóðsögnum og hengt upp á safninu. Það var mikil sköpunargleði hjá börnunum sem kepptust við að koma með sína útgáfu af Nykrinum, Skelja-skrímslinu, Rauðhöfða, Skoffin og Skuggabaldri og fleiri óvættum. Yfir 200 myndir litu dagsins ljós. Þá skemmtu börnin sér við að leita að íslensku skrímslum um í ratleik á bókasafninu og fengu um leið fræðslu um þessar þjóðsagnapersónur.

Daginn fyrir hrekkjavökuna mættu svo um 50 börn og fullorðnir á draugasögustund í barnadeildinni þar sem þau fengu að heyra allt um íslensku draugana Móra og Skottur, útburði, fylgjur og afturgöngur og hvernig hægt er að verjast þeim. „Það vakti það mikla kátínu þegar börnin fengu að heyra að samkvæmt íslensku þjóðsögnum getur þú fælt burtu



Ukrainísk útsaumssmiðja

drauga með prumpi og gabbað þá upp úr skónum til að gera sig svo litla að hægt er að veiða þá í glas eða sauðalegg,“ segir Eyrún Ósk um sögustundina.

Í haust fór safnið svo af stað með gríðarlega spennandi verkefni þar barnabókahöfundurinn Eygló Jónsdóttir var fengin til að skrifa jólasögu byggða á þjóðsögupersónum í 24 köflum sem verður eins konar jóladagatal safnsins í desember. Börnum gafst tækifæri á



Trommusmiðja

að senda inn tillögur um hvað átti að gerast í sögunni, hvar sagan átti að gerast, hvaða persónur sagan átti að fjalla um og hvað persónurnar áttu að heita. Alls bárust yfir 120 tillögur frá börnum og hefur höfundur nú lokið við að vinna þær inn í söguna og er afraksturinn ótrúlega spennandi saga full af hugmyndaauðgi barna í Kópavogi. Þá er hópur barna í 4. bekk í Salaskóla og Snælandsskóla nú að vinna við það að myndskreyta söguna. „Það er margt spennandi framundan sem tengist þjóðsöguverkefninu, eins og útsögustundir um álfa í Borgarholtinu fyrir nemendur í 1. bekk og jólakattadagskrá fyrir elstu deildir leikskólanna í desember og við hlökkum til að halda áfram að kynna íslensku þjóðsögurnar fyrir börnum og halda á lofti þessum menningararfi okkar allra,“ segir Eyrún Ósk.

## Bókasafnið í fjölyngdu samfélagi

Bókasafn Kópavogs hlaut eins og áður segir einnig styrk frá Bókasafnasjóði fyrir fjölmennningarlegri viðburðaröð og styrk frá Nordplus fyrir þróunar- og samstarfsverkefni milli Bókasafns Kópavogs, Hásleholm City Library í Svíþjóð og Central Library of Lääne County í Eistlandi til að bæta þjónustu við innflytjendur. Verkefnið snýr að því að koma betur til móts við allan þann fjölbreytta hóp fólks sem heimsækir bókasafnið og þar með virkja innflytjendur betur til þátttöku í „bókasafnssamfélaginu.“ Söfnin munu heimsækja hvert annað og læra hvert af öðru. Þá munu þau einnig þróa ný og spennandi verkefni, hvert á sínu safni, sem munu höfða til fjölbreytts hóps. „Kveikjan að verkefninu var sú, að mikill fjöldi innflytjenda sækir safnið á hverjum degi til þess að nota tölvu og prentara en nýtir sér ekki aðra þjónustu safnsins. Þessu viljum við á Bókasafni Kópavogs breyta og viljum við að öll upplifi sig velkomin hingað á safnið,“ segir Eyrún Ósk.

Ákveðið var að halda áfram með viðburðaröðina Tala og spila alla laugardaga þar sem öll þau sem vilja æfa sig í íslensku geta komið, tekið í spil og æft sig að tala íslensku með aðstoð íslenskukennara. Stundin hefur verið vel sótt og einkennst af vináttu og gleði.

Þá fór Bókasafnið af stað með opið hús fyrir hælisleitendur og flóttafólk á þriðjudagsmorgnum í samstarfi við GETA hjálparstærktöku. Boðið er upp á kaffi og veitingar og leikföng fyrir yngstu þátttakendurna. Síðan er boðið upp á skapandi samverustund þar sem börn og fullorðnir geta perlað saman, málað, saumað út eða gert eitthvað annað skapandi um leið og það kynnist öðrum. „Úkraínska listakonan Viktoriia Leliuk kom til okkar á dögnum og hélt listasmíðju fyrir börn og fjölskyldur. Smíðjan fór fram á úkraínsku, íslensku og ensku. Í desember verður svo haldin úkraínsk jólahátíð á bókasafninu með sögustund á úkraínsku og úkraínski jólasveininn St. Nikulás mun kíkja í heimsókn ásamt vinum sínum, tveimur íslenskum jólasveinum. „Enda eru íslensku jólasveinarnir og þeir erlendu allir perluvínir,“ segir Eyrún Ósk.

Stór hluti þeirra innflytjenda sem heimsækir safnið kemur frá Venesúela og því var ákveðið að halda venesúelska hátíð á bókasafninu í svartasta skammdeginu í lok nóvember sem nefnist Sól í sinni þar sem tónlistarfólk frá Venesúela kemur fram, sögustund verður á spænsku og boðið verður upp á mat og drykki frá Venesúela.

Bókasafnið hefur einnig boðið upp á fjölmennningarleg fræðsluerindi eins og fyrirlestur um fríðarheimspeki búddismans, austræna menningu og þau íslömsku samfélög sem dvelja hér á landi. Framundan í þeirri viðburðaröð eru erindi þar sem við fáum að kynnast menningararfleifð Bosníu og Hersegóvínu, sögu nokkurra flóttamanna o.fl.

Að lokum má nefna sögustundir á öðrum erlendum tungumálum og tónleikaröð þar sem innflytjendur deila tónlist frá sínu heimalandi sem verða á dagskrá hjá Bókasafninu á næstu mánuðum.

„Strax og við fórum af stað með þetta fjölmennningarlega átak sáum við fjölgun á að innflytjendur væru að nýta sér þjónustu okkar og er það mjög gleðilegt,“ segir Eyrún Ósk.



## Fjölmennning og menningararfleifð okkar vinna saman

„Það hefur verið einstaklega gaman að vinna af þessum tveimur verkefnum. Það sem hefur komið okkur mest á óvart er að sjá hvernig verkefni tengd fjölmenningu og verkefni tengd íslenska menningararfinum hafa unnið vel saman og stutt hvort við annað,“ segir hún og bætir við: „Orðræðan í samfélaginu er allt of oft á þann hátt að óttast að fjölmenningin vinni gegn íslenski menningu og að ef áherslan sé á fjölmenningu þá verði íslensk tunga og menning í hættu á að hverfa. En í litla samfélaginu okkar á Bókasafninu höfum við séð þetta einmitt öfugt farið. Menning styður nefnilega við menningu og hvers konar sköpun styrkir tengsl og tungumálið. Um leið og við fórum að halda sérstaka viðburði fyrir innflytjendur sáum við að það skilaði sér í þátttöku þeirra í öðrum viðburðum.“

Bókasafnið býður upp á mánaðarlegan viðburð sem nefnist Lesið fyrir hunda. Þar sem stutt er við heimalestur með því að bjóða börnum að koma og lesa heimalesturinn fyrir sjálfbóðaliða með hund. Áður en fjölmenningarátakið hóf göngu mættu innflytjendur sjaldan á þessa viðburði en á haustönn hefur safnið tekið á móti börnum frá Úkraínu, Venesúela og annar staðar frá sem hafa komið til að æfa sig í að lesa á íslensku fyrir hundana. Þannig hefur fjölmenningarátakið skilað sér í að börn séu að æfa sig í að lesa á íslensku.

Þá þótti starfsfólki bókasafnsins gaman að sjá heilu fjölskyldurnar af erlendum uppruna mæta saman á draugasögustund þar sem í einu tilfellinu þýddi faðirinn, sem kunnir örlítið í íslensku, fyrir fjölskylduna sína draugasögurnar sem fluttar voru úr íslensku þjóðsögnum.

Einnig komu margir nýir Íslendingar með börnin sín í skrímslasmiðjuna okkar og kynntu sér skrímslin úr íslensku þjóðsögnum og þótti þeim ansi skemmtilegt að kynnast þessum undarlegu skrímslum úr íslenska sagnararfinum.

Á sama tíma hafa íslenskir lánþegar bókasafnsins lýst yfir ánægju að fá aðgang að svo fjölbreyttum viðburðum eins og að taka þátt í afrískri dans- og trommusmiðju og að fræðast um Íslam og venesúelska matarmenningu svo eitthvað sé nefnt. „Það er yndislegt að fá að taka þátt í að skapa andrúmsloft þar sem öll upplifa sig velkomin og að gert sé ráð fyrir öllum. Þannig vinnur þetta allt saman. Bókasafnsfjölskyldan okkar er að kynna sér menningu hvers annars og halda henni á lofti. Það hvetur alla aðila til að njóta meiri menningar, bæði íslenskrar og þeirrar sem kemur erlendis frá. Ef við hugsum út í það þá hafa aldrei fleiri verið að læra íslensku og talað íslensku en einmitt núna. Þegar við bjóðum alla velkomna og höldum ólíkri menningu á lofti þá verður úr að allir lesa meira, allir kynnast menningararfinum og hvert öðru. Á þennan hátt erum við í raun að vernda tungumál okkar og menningararfinn með því að bjóða velkominn fjölbreyttan hóp og halda allra menningu á lofti,“ segir Eyrún Ósk að lokum.

eignaumsjon.is

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023  
Eignaumsjón  
2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri  
Váskjaldað 24. nóvember

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800





**NÓVEMBER TILBOÐ**  
**15-70% afsláttur af öllum vörum**  
**Miniplay.is - Tónahvarfi 10**



**Jólavörur Hafsins eru  
komnar í verslanir okkar.**

**Humar, humarsúpa, síld, reyktur og grafinn lax  
ásamt graflax og piparrótarsósu**

**hafid.is**

# MEIRI ÁRANGUR FYRIR OKKUR ÖLL

